

Tálknafjarðarhreppur, skipulagsfulltrúi
Miðtúni 1
460Tálknafirði

Reykjavík 23. febrúar 2015

Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar í Tálknafirði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Tálknafjarðarhrepps er barst 6. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu deiliskipulagstillögu fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar í Tálknafirði. Bæjarvík hefur áform um að efla seiðaeldi á athafnasvæðinu.

Staðhættir

Í lýsingu kemur fram að lóð Bæjarvíkur er í landi Gileyrar og Eysteinseyrar við norðanverðan Tálknafjörð u.þ.b. 1 km fyrir innan þéttbýliskjarnann í firðinum. Einnig kemur fram að lóð Bæjarvíkur nær alveg niður í fjöru og er stór hluti hennar á uppfyllingu. Fram kemur í lýsingu að á athafnasvæðinu eru fyrirbyggjandi mannvirki en svæðið hefur ekki verið deiliskipulagt áður.

Tillaga að deiliskipulagi

Fram kemur í lýsingu að meðal áætlaðra framkvæmda er 2-3000 m² kerskáli sem er áætlaður yfir seiðaker. Einnig er áætluð starfsmannabygging, og aðrar byggingar er tengjast starfseminni. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sjónræn áhrif verði skoðuð í tillögunni, enda er hin stóra kerbygging áætluð á svæði sem er sýnilegt frá Tálknafjarðarvegi og er ekki langt frá þéttbýlinu. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að leitast verði við að fella framkvæmdir að umhverfi og að milda áhrif á ásýnd svæðisins.


Skipulag við vötn, ár og sjó.


Þar sem lóð Bæjarvíkur nær alveg niður í fjöru eins og fram hefur komið bendir Umhverfisstofnun á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram um skipulag við vötn, ár og sjó í gr. 5.3.2.14. :” Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.” Einnig bendir stofnunin á að í lögum nr. 44/1999 kemur eftirfarandi fram í 23. gr.: Girðingar. Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð

gangandi manna. Þegar girða á yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu eða göngustiga." Umhverfisstofnun bendir á að tryggja þarf aðgengi almennings meðfram sjónum. Stofnunin bendir á að ef því verður ekki við komið vegna starfseminnar þarf að huga að göngustíg meðfram framkvæmdasvæðinu

Að mati Umhverfisstofnunar er að öðru leyti gert ráð fyrir þeim helstu þáttum í lýsingu, er fram þurfa að koma í væntanlegri deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefnsson
Sérfræðingur

